

# Heilsuleikskólinn Holtakot

Þróunarverkefni um vináttu  
veturinn 2015-2016

8. júní 2016



Vinur er gjöf sem þú gefur sjálfum þér.

**Tengiliður fyrir verkefnið  
Þórunna Kolbrún Jónatansdóttir**

# Vinátta á Holtakoti

Leikskólinn Holtakot fékk úthlutað úr Þróunarsjóði leikskóla Garðabæjar til að vinna með Vinátta skólaárið 2015-2016. Verkefnið Vinátta er forvarnarverkefni fyrir börn á aldrinum 3-8 ára gegn einelti fyrir leikskóla. Markmið verkefnisins er að fyrirbyggja einelti í leikskólum með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Þátttaka allra; barna, starfsfólk og foreldra er grundvöllur þess að vel til takist.

Verkefnið hófst um miðjan janúar þar sem allir deildarstjórar og aðstoðarleikskólastjóri fóru á kynningarnámskeið til starfsmanna á vegum Barnaheilla. Keyptar voru tvær töskur sem innihalda allt námsefni verkefnisins auk bangsa fyrir hvert barn leikskólans. Ákveðið var að hafa öll börn leikskólans með í þessu verkefni þó að kennsluefnið sé miðað við börn á aldrinum 3-8 ára.

Kynningarbréf var sent til foreldra og deildarstjórar voru með kynningu á hverri deild þar sem foreldrar fengu innsýn inn í markmið og verklag verkefnisins. Farið var í gegnum samræðuspjöld ætluð foreldrum og þeim sýndur efniviðurinn í töskunni. Einnig var klípusaga sögð og spunnust upp ýmsar tillögur að því hvernig best væri að leysa klípuna.

Verkefnisstjóri kynnti strax námsefnið lauslega fyrir starfsfólki í litlum hópum þar sem langt var í næsta starfsmannafund og eftirvætingin mikil. Á starfsmannafundi í mars var síðan tveggja klukkutíma fundur þar sem deildarstjórar og verkefnisstjóri kynntu námsefnið og verkferlið vel og vandlega. Elstu deildirnar voru aðeins byrjaðar á námsefninu og gátu miðlað til hinna hvernig hafði gengið. Nokkur samræðuspjöld voru valin sem ætluð eru starfsmönnum og skapaðist miklar samræður um ýmis álitamál sem þar komu fram.

Kynning fyrir börnin á námsefninu fór fram í sal skólans. Haldin var samverustund þar sem börnum voru kynnt fyrir aðalbangsanum Blæ sem er táknmynd vináttunnar. Útbúin var saga og myndband tengt Blæ sem kom alla leið frá Ástralíu með litlu vini sína (hjálpangangar) til að aðstoða okkur að vera góðir vinir. Ein morgunstund var síðan notuð í að finna litlu bangsana úti þar sem þeir höfðu villst á Álftanesinu. Saumuð voru teppi með hólfum fyrir hvern bangsa til að setja inn á allar deildir og þeir merktir hverju barni.

Samverustundir og hópastarf voru nýttar á hverri deild til að vinna með verkefnið. Einnig var gripið til verkefnisins ef eitthvað kom upp á í hita leiksins til að stuðlað að betri samskiptum milli barnanna. Í sumar verður aðalbangsinn, Blær í sumarfríi í Ástralíu og kemur aftur til okkar í haust. Litlu vinirnir (hjálpangangarnir) verða inn á deildum þeim til halds og trausts ef eitthvað bjátar á.

Vel gekk að aðlaga verkefnið að öðru starfi sem unnin er með innan leikskólans þar sem áherslurnar eiga vel við t.d. Uppbyggingarstefnuna. Sú stefna byggist einmitt á góðum samskiptum með umhyggju fyrir einstaklingnum að leiðarljósi. Efnið er einnig mjög aðgengilegt og höfðar afar vel til barna og starfsfólks.

Markmiðið er að halda áfram af fullum þunga næsta vetur og bæta inn í ákveðnum „Vinadegi“ í haust sem yrði fastur punktur á hverju hausti. Útbúin verða eyðublöð sem hópstjórum er ætlað að nota til að fylla út og endurmeta hvernig gekk í vináttustundunum sem verða síðan notuð í endurmati á námsefninu. Einnig mun kynning á þessu verkefni verða lagt inn í fyrsta viðtali við nýja foreldra svo þeir verða strax upplýstir um þessa vinnu sem vonandi mun festa sig vel og vandlega í öllu okkar starfi á Holtakoti.